

25. febrúar 2026


SKATTSPOR IÐNAÐARINS 564 MILLJARÐAR KRÓNA - STÆRST ÚTFLUTNINGSGREINA

Skattspor íslensks iðnaðar, vítt skilgreint, var 564 milljarðar króna á árinu 2024 samkvæmt útreikningum Reykjavík Economics. Stækkaði það frá árinu 2023 en þá nam það 549 milljörðum króna á verðlagi árs 2024. Skattspor íslensks iðnaðar, þröngt skilgreint, var 247 milljarðar króna árið 2024 og jókst það einnig á milli ára en það var 228 milljarðar króna árið 2023 á verðlagi árs 2024.

Um er að ræða umtalsverða fjárhæð sem greinin skilar til samfélagsins í formi skatta enda er íslenskur iðnaður ein af undirstöðum íslensks efnahagslífs. Skattspor iðnaðarins er stærst meðal útflutningsgreina en til samanburðar nam vítt skilgreint skattspor ferðaþjónustunnar 190 milljörðum króna og þröngt skilgreint skattspor greinarinnar 108 milljörðum króna árið 2024. Þröngt skilgreint skattspor fiskveiða og -vinnslu nam tæplega 80 mö.kr. það ár.

Skattspor iðnaðarins

Milljarðar króna




Reykjavík Economics mat skattaleg áhrif iðnaðar árið 2024 fyrir Samtök iðnaðarins. Metin eru bæði þröng og víð skattaleg áhrif. Skattaleg áhrif taka til allra skatta og gjalda sem fyrirtæki í iðnaðinum greiða á viðkomandi ári. Þröngt skattspor samanstendur af tekjuskatti fyrirtækja, tryggingagjaldi, tekjuskatti og útsvari launþega ásamt mótfamlagi atvinnurekenda í lífeyrissjóð og viðbótarlífeyrissparnað. Vítt skattspor er þröngt skattspor að viðbættum útskatti virðisaukaskatts og fasteignasköttum.

STÓRT SKATTSPOR UNDIRSTRIKAR MIKILVÆGI IÐNAÐARINS

Þessar tölur undirstrika mikilvægi iðnaðarins fyrir skatttekjur ríkisins og endurspegla jafnframt umfang hans í hagkerfinu. Verðmætasköpun greinarinnar nam 900 milljörðum króna árið 2024, sem er um fjórðungur landsframleiðslunnar það ár. Þá störfuðu að jafnaði 52 þúsund manns í greininni, eða einn af hverjum fjórum á innlendum vinnumarkaði. Iðnaðurinn er jafnframt stærsta útflutningsgrein þjóðarbúsins og aflaði 750 milljarða króna í útflutningstekjur árið 2024, sem jafngildir 39% af heildarútflutningstekjum hagkerfisins á því ári. Að auki hefur greinin veruleg jákvæð áhrif á aðrar atvinnugreinar.

Skattspor útflutningsgreina 2024

Þröng skilgreining, milljarðar króna



Iðnaður leggur mikið til atvinnusköpunar hér á landi og er í því sambandi skattspor hennar m.t.t. vinnuafstengdra skattgreiðslna hátt eða 212 milljarðar króna árið 2024. Það er ekki einungis að í greininni starfi mikill fjöldi fólks heldur eru laun í greininni einnig há og yfir meðallaunum í hagkerfinu. Endurspeglar það háa framleiðni vinnuafis í greinum iðnaðar.


Reykjavík Economics reiknaði skattsporið út fyrir helstu greinar iðnaðarins. Atvinnugreinaflokkun ÍSAT2008 var nýtt við greininguna og iðnaðurinn flokkaður í byggingariðnað og mannvirkjagerð, tækni- og hugverkaiðnað og framleiðsluiðnað.

ALLAR ÞRJÁR GREINAR IÐNAÐAR MEÐ STÓRT SKATTSPOR HVER

Heildarskattspor tækni- og hugverkaiðnaðar nam 186 milljörðum króna og þröngt skattspor 93 milljörðum króna. Skattspor greinarinnar stækkar á milli ára en árið 2023 nam heildarskattspor greinarinnar 176 milljörðum króna og þröngt skilgreint skattspor 82 milljörðum króna á verðlagi árs 2024. Útflutningstekjur greinarinnar hafa verið í miklum vexti á síðustu árum og er hún nú ein af fjórum meginstoðum útflutnings íslenska hagkerfisins. Var vægi hennar í heildar útflutningstekjum 16% á árinu 2024.

Tækni- og hugverkaiðnaður

Milljarðar króna á verðlagi árs 2024




Heildarskattspor byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar nam 188 milljörðum króna árið 2024, en þröngt skattspor greinarinnar var 83 milljarðar króna. Jókst skattspor greinarinnar á báða mælikvarða á milli ára. Á verðlagi árs 2024 nam heildar skattspor greinarinnar 177 milljörðum króna árið 2023 og þröngt skilgreint skattspor greinarinnar 77 milljörðum króna á verðlagi ársins 2024.

Heildarskattspor framleiðsluiðnaðar var 190 milljarðar króna árið 2024 og þröngt skattspor 71 milljarður króna. Þessi flokkur iðnaðar samanstendur að mestu af orkusæknum iðnaði. Lækkaði heildarskattspor greinarinnar frá árinu 2023 þegar það nam 196 milljörðum króna á verðlagi árs 2024. Þröngt skilgreint skattspor greinarinnar jókst hins vegar á milli ára en það var 69 milljarðar króna árið 2023 á verðlagi árs 2024.


Byggingariðnaður og mannvirkjagerð

Milljarðar króna á verðlagi árs 2024




Framleiðsluiðnaður

Milljarðar króna á verðlagi árs 2024



Skattspor iðnaðar 2024

Í milljörðum króna



Skattspor iðnaðarins, í milljörðum króna á verðlagi ársins 2024

Iðnaður	2024	2023
Áætlaður tekjuskattur fyrirtækja	35,1	8,2
Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð og séreign af meðalheildarlaunum	65,0	66,4
Tryggingagjald af meðallaunum	34,5	35,2
Tekjuskattur og útsvar launþega af meðallaunum	112,4	117,9
Þröngt skattspor	246,9	227,7
Virðisaukaskattur (útskattur)	302,5	306,7
Fasteignaskattar	14,3	14,2
Samtals skattaáhrif án innskatts (VSK)	563,7	548,5

Tækni- og hugverkaiðnaður	2024	2023
Áætlaður tekjuskattur fyrirtækja	7,7	-11,3
Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð og séreign af meðalheildarlaunum	25,2	27,2
Tryggingagjald af meðallaunum	13,3	14,4
Tekjuskattur og útsvar launþega af meðallaunum	46,6	52,0
Þröngt skattspor	92,8	82,2
Virðisaukaskattur (útskattur)	89,0	89,2
Fasteignaskattar	4,2	4,1
Samtals skattaáhrif án innskatts (VSK)	186,0	175,5

Byggingariðnaður og mannvirkjagerð	2024	2023
Áætlaður tekjuskattur fyrirtækja	19,2	13,6
Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð og séreign af meðalheildarlaunum	20,6	20,1
Tryggingagjald af meðallaunum	10,9	10,7
Tekjuskattur og útsvar launþega af meðallaunum	32,6	32,3
Þröngt skattspor	83,4	76,6
Virðisaukaskattur (útskattur)	100,0	96,3
Fasteignaskattar	4,7	4,4
Samtals skattaáhrif án innskatts (VSK)	188,1	177,3

Framleiðsluiðnaður	2024	2023
Áætlaður tekjuskattur fyrirtækja	8,1	5,9
Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð og séreign af meðalheildarlaunum	19,3	19,1
Tryggingagjald af meðallaunum	10,2	10,1
Tekjuskattur og útsvar launþega af meðallaunum	33,2	33,7
Þröngt skattspor	70,8	68,9
Virðisaukaskattur (útskattur)	113,5	121,2
Fasteignaskattar	5,4	5,6
Samtals skattaáhrif án innskatts (VSK)	189,6	195,7